

Nd.

73. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á lögum nr. 112 31. des. 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Flm.: Soffía Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríki og sveitarfélögum er skylt að stofna og starfrækja dagvistarheimili fyrir börn eftir því sem þörf krefur í hverju byggðarlagi. Ríki og sveitarfélög skulu leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistarheimila fyrir börn svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll dagvistarheimili fyrir börn á aldrinum þriggja mánaða til skólaskyldu-aldurs skulu njóta styrks úr ríkissjóði til byggingar og rekstrar samkvæmt lögum þessum svo og skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldu-aldri, enda uppfylli dagvistarheimili þær kröfur (þau skilyrði), sem nánar kveður á um í reglugerð.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisframlags njóta þau dagvistarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. fjóra mánuði ársins samfelld.

Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistarheimili styrk enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Rekstrarkostnaður dagvistarheimila greiðist sem hér segir:

Ríki og sveitarfélög greiða samtals 60%, sem skiptast jafnt milli þessara aðila, en foreldrar greiða 40% af rekstrarkostnaði.

Rekstrarstyrkir ríkisins skulu greiddast ársfjórðungslega samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði, og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistarheimila um allt land lagður til grundvallar við greiðslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dagvistarheimili fyrir börn hafa verið starfrækt hér á landi frá því skömmu eftir 1930, en það leið allt fram til ársins 1973, að sett voru lög á Alþingi um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila, og markaði sú lagasetning tímamót.

Lögin nr. 29 21. apríl 1973 fólu í sér ákvæði um byggingu og rekstur, ýmis framkvæmdaatriði, hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í byggingar- og rekstrarkostnaði, og reglugerð sigldi í kjölfarið.

Í lögunum voru enn fremur tilgreind markmið með starfrækslu dagvistarheimila þar sem strax í 1. gr. er lögð áhersla á uppeldislegt gildi slíkra stofnana.

Þátttaka ríkisins í uppbyggingu og rekstri dagvistarheimila örvaði framkvæmdir í þessum efnum um allt land, og sér þess víða staði þar sem áður hafði lítið eða ekkert verið aðhafst, og urðu þannig þáttaskil um framgang þessa mála-flokks með tilkomu áðurgreindra laga.

Árið 1976 voru sett lög á Alþingi, þar sem lögunum frá 1973 var breytt þannig að ríkisframlagið til rekstrar dagvistarheimila var algerlega fellt niður. Þessi breytta greiðslutilhögun hefur orðið til þess, að dregið hefur úr framkvæmdum víða um landið þar eð fjölmörg sveitarfélög hafa hikað við að hefja starfrækslu dagvistarheimila þrátt fyrir brýna þörf, ekki sist vegna rekstrarkostnaðarins, sem þau eru að meira eða minna leyti vanbúin að mæta og hrýs hugur við að standa undir.

Framkvæmdir á sviði dagvistarmála barna hafa ekki verið nein forgangsvær-efni af hálfu ríkis og sveitarfélaga á undangengnum áratugum, svo sem ástand þeirra mála ber glöggvitni, en í stærstu bæjarfélögum landsins eru langir biðlistar.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru þeirrar skoðunar, að það sé ekki fær leið að ætla sveitarfélögum að bera rekstrarkostnað dagvistarheimila af þeim þunga, sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 112 31. des. 1976, og telja, að með þeim hafi verið stigið skref til baka.

Í seinni tíð hefur athygli manna mjög beinst að uppeldislegu mikilvægi dagvistarheimila og í ljósi þess viðhorfs hafa risið kröfur um skýran og ótvíræðan rétt hvers barns til þess að eiga kost á að njóta dvalar á dagvistarheimili um eitthvert skeið, enn fremur að af hálfu ríkis og sveitarfélaga verði mótuð fram-tíðarstefna, sem hafi þetta sjónarmið að leiðarljósi.

Flutningsmenn þessa frumvarps vilja benda á fáein atriði, sem máli skipta þegar lögð er áhersla á nauðsyn hraðrar uppbyggingar dagvistarheimila um allt land.

Dagvistarheimili gegna mikilvægu hlutverki að því er varðar atvinnulíf hvers staðar, valfrelsi til atvinnu, jafnrétti innan heimilanna og tekjuöflun þeirra. Þessa ólíku hagsmuni verður eftir föngum að leitast við að samræma með rekstri dagvistarheimila, en velferð og hagsmunir barns verða ávallt að sitja í fyrirrúmi.

Dagvistun barns á ekki að vera forréttindi neins tiltekins foreldrahóps né heldur á neitt foreldri að þurfa að sjá sig neytt til hennar af efnahagslegum ástæðum.

Því er brýn nauðsyn, að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að hraða uppbyggingu dagvistarheimila uns framboð svarar til eftirspurnar og þarfar. Þá er það aðkallandi verkefni þessara aðila að gera einstæðum foreldrum og öðrum, sem atvinnu sinnar vegna verða að vista börn á dagvistarstofnunum óæskilega lengi, mögulegt að velja milli slíkrar vistunar og umönnunar barns heima fyrir og sömuleiðis að gera forráðamönnum barns kleift að velja því þann dvalartíma á dagvistarheimili, sem því hentar best. Sú krafa útheimtir vissan sveigjanleika í daglegu starfi á dagvistarheimilum og kann að hafa aukinn til-kostnað í för með sér.

Starfræksla dagvistarheimila er einn sá þáttur samneyslu og félagslegrar þjón-ustu, sem í nútíma samfélagi er mikilvægt stjórnunartæki og heita má, ef menn vilja, í því skyni að jafna kjör manna og aðstæður, skapa jafnræði með börnum innbyrðis með tilliti til misgóðra þroskaskilyrða og ólíkra uppeldislegra aðstæðna heima fyrir og stuðla þannig að því, að þau standi jafnar að vigi en ella, er að því kemur að þau eiga að risa undir kröfum skólanáms.

Dagvistarstofnanir eru ein af mikilvægum leiðum til þess að draga úr tekjumismun og dreifa fjármunum í landinu almennt og innan sveitarfélaga. Því ber ríki og sveitarfélögum að greiða kostnað við dagvistun barna innan skólaskyldu-aldurs á móti foreldrum í þeim mæli, að ekkert barn þurfi að verða af dvöl á dagvistarheimili vegna þess eins, að hún sé efnahag heimilis þess ofviða.